

Fundargerð

160. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandsvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 19. febrúar 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Svanfríður Dóra Karlsdóttir lögfræðingur Umhverfisstofnunar sat fundinn undir dagskrárlíð 3-4.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Ísleyfur, gagnagrunnur Matvælastofnunar, staða mála.**

Kynnt voru bréfaskipti SHÍ (Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi) og Matvælastofnunar (MAST) þar sem fram kemur að MAST gefur kost á því að dreifa greiðslu vegna innleiðingar og aðgangs að Ísleyfi á árin 2015 og 2016. Heilbrigðisnefnd er jákvæð til þessa tilboðs. MAST hefur boðað til fundar vegna þessa þann 3. apríl n.k.

3. **HGH verk (Möl og Sandur); staða mála varðandi húsaskólp í Glerá og skolun steypubíla í Glerá.**

Eftirfarandi var bókað:

Losun húsaskólps í Glerá

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur borist staðfesting á úrbótum á fráveitumálum fyrirtækisins dags. 18.febrúar 2014. Heilbrigðisnefnd hefur einnig borist erindi HGH verks (Möl og sandur) til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 27. janúar 2014 þar sem gerð er grein fyrir afstöðu fyrirtækisins og lögð fram ósk um niðurfellingu dagsekta. Í ljósi ofangreinds afturkallar heilbrigðisnefnd ákvörðun um álagningu dagsekta í samræmi við 25.gr stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fer heilbrigðisnefnd fram á að HGH verk (Möl og Sandur) greiði þann kostnað sem hefur fallið til vegna innheimtu dagsekta.

Skolun á tromlum steypubíla í Glerá

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur borist staðfesting á úrbótum, dags. 18.febrúar 2014.

4. **Útgerðarfélagið Hvammur í Hrísey, staða mála varðandi losun á fiskúrgangi fram af bryggju.**

Eftirfarandi var bókað:

Heilbrigðisnefnd hefur ekki borist áætlun um úrbætur varðandi losun fiskúrgangs í sjó af völdum Útgerðarfélagsins Hvamms, þrátt fyrir áminningu sem nefndin bókaði á fundi sínum þann 4. desember s.l. Heilbrigðisnefnd fyrirhugar beitingu dagsekta í samræmi við 27.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, frá og með 10. mars 2014.

Dagsektir verði kr. 20.000 á dag í allt að 30 daga eða þar til úrbótum hefur verið lokið.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Útgerðarfélaginu Hvammi heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umsagnir:

5. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Vaðlarheiðaganga og vinnubúða við Skóga í Fnjóskadal.

Kynt var jákvæð umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Vaðlaheiðarganga og vinnubúða við Skóga í Fnjóskadal; minnt er á mikilvægi þess að gera grein fyrir vatnsverndarsvæði og vatnsbóli í deiliskipulagi.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Birna Gunnlaugsdóttir, kt. 100947-4479, Smáratúni 5, Svalbarðseyri, 601 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna heimagistingar. **Samþykkt.**
2. BG gisting ehf, kt. 471113-0500, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar að Gilsbakkavegi 13 (öHvíta húsiðö), 600 Akureyri. **Samþykkt.**
3. Höldur ehf, kt. 651174-0239, Þórsstíg 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna bifreiðaverkstæðis með lökkun. **Samþykkt.**
4. Snyrtistofan Lind ehf, kt. 630807-0930, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, umsókn starfsleyfi fyrir snyrtistofu. **Samþykkt.**
5. Passion , Hrafnsteinn ehf, hársnyrting, kt. 650613-0740, Hafnarstræti 88, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
6. Fótaaðgerðarstofa Eddu, kt. 680498-2459, Víðilundi 22, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
7. Skeljungur hf. kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, umsókn um starfsleyfi vegna sjálfsafgreiðslu bensínstöðvar við Skútustaði í Mývatnssveit. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Þórey Agnarsdóttir stendur til boða að sækja námskeið um skipaskoðun á vegum landlæknisembættisins sem verður haldið á Grikklandi í marsmánuði n.k.

Skýrt var frá mengun í eldri vatnsbólum sem þjóna Grenivík og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til úrbóta; m.a. leiðbeining um að sjóða vatn til beinnar neyslu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Porkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinn Karlsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir